

**REGLUGERÐ**  
**um óleyfilegan kosningaáróður, kosningaspjöll og aðra starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga.**

1. gr.

*Markmið*

Markmið reglugerðar þessarar er að kosningar geti farið fram með friðsamlegum hætti og ekkert það sé haft í frammi sem ógnað getur öryggi eða truflað framkvæmd kosninga.

2. gr.

*Skyldur kjörstjórna og kjörstjóra*

Kjörstjórnnum og kjörstjórum ber að sjá til þess að hvorki fari fram óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga eins og nánar er kveðið á um í reglugerðinni.

3. gr.

*Takmörkun fjölda fólks*

Kjörstjórnir og kjörstjórar hafa heimild til að takmarka fjölda fólks inni á kjörstað til að halda uppi röð og reglu.

4. gr.

*Óleyfilegur kosningaáróður*

Á kjörstað og þar sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram er óheimilt að hafa í frammi hvers konar kosningaáróður. Á það við um bygginguna sem atkvæðagreiðslan fer fram í og lóð hennar.

Það er kosningaáróður að hafa í frammi nokkuð það sem getur haft áhrif á afstöðu kjósenda. Til kosningaáróðurs geta m.a. talist auglýsingar, merki, slagorð eða önnur auðkenni framboða sem og að auglýsa eða vekja athygli á málefnum í samfélagslegri umræðu.

Það telst ekki til kosningaáróðurs þótt umboðsmenn framboða beri skilríki þar sem fram kemur nafn framboðs þess sem þeir starfa fyrir.

5. gr.

*Kosningaspjöll og önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga.*

Óheimilt er aðhafast nokkuð sem getur spilt umhverfi, aðföngum eða öðru sem haft getur áhrif á framkvæmd kosninga. Jafnframt er óheimilt að hafa í frammi hegðun sem ógnað getur öryggi og truflað framkvæmd kosninga.

6. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 4. mgr. 69. gr. og 1. mgr. 81. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og öðlast þegar gildi.